



# Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið

Sölvhólsögötu 7  
101 Reykjavík

Vesturbyggð, 17. nóvember 2021  
2107008 RH

## Efni: Gjaldskrá vatnsveitu Vesturbyggðar

Vísað er til bréfs ráðuneytisins 7. maí 2021 þar sem þess er óskað að gjaldskrá vatnsveitu Vesturbyggðar verði yfirfarin með hliðsjón af leiðbeiningum ráðuneytisins og upplýst verði um niðurstöðu sveitarfélagsins, hvaða forsendur eru fyrir þeim útreikningum sem gjaldskrá vatnsveitunnar um álagningu vatnsgjalds er byggð á skv. 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Einnig er óskað eftir langtímaáætlun vatnsveitu Vesturbyggðar skv. reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005. Ráðuneytið veitti Vesturbyggð fresti til að svara erindinu og eru eftirfarandi svör sveitarfélagsins.

Vesturbyggð rekur vatnsveitu á Patreksfirði og Bíldudal, hér eftir nefnd vatnsveita Vesturbyggðar. Sveitarfélagið hefur farið yfir gjaldskrá fyrir vatnsveitu Vesturbyggðar með tilliti til rekstrarkostnaðs vatnsveitna og í meðfylgjandi skjali er tilgreint hvernig rekstri vatnsveitu Vesturbyggðar er háttað árin 2020-2024. Einnig er meðfylgjandi langtímaáætlun yfir þær framkvæmdir sem áætlaðar eru í vatnsveitu sveitarfélagsins.

Gjaldskrá fyrir vatnsveitu Vesturbyggðar nr. 1561/2020 hefur verið endurskoðuð með tilliti til leiðbeininga samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og viðmiða vegna útreiknings vatnsgjalda. Að mati sveitarfélagsins er ekki ástæða til að breyta gjaldskránni umfram almennar gjaldskrárhækkanir fyrir árið 2022. Skýrist afstaða sveitarfélagsins af því að samkvæmt langtímaáformum fyrir vatnsveitu Vesturbyggðar mun gjaldtakan ná\*að standa undir rekstri til næstu 15 ára og fjárfestingaþörf til næstu fimm ára. Lagt hefur verið mat á rekstrarkostnað að teknu tilliti til stórra fjárfestinga og viðhaldsþarfa eins og kemur fram í meðfylgjandi yfirliti og minnisblaði sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs Vesturbyggðar. Þá kemur fram í efnahagsreikningi vatnsveitna að vatnsveita Vesturbyggðar skuldar öðrum sjóðum sveitarfélagsins tæpa 21 millj. kr. og jukust þær skuldir um rúmar 8 millj. kr. á milli árunna 2019 og 2020. Þá bendir Vesturbyggð á að í samræmi við dæmi ráðuneytisins þá er gert ráð fyrir að rekstrarhagnaður vatnsveitu megi nema tvennum afskriftum á ári, en vatnsveita Vesturbyggðar er langt undir því viðmiði.

Þannig er það niðurstaða sveitarfélagsins að í gjaldskrá Vesturbyggðar er lagt á vatnsgjald sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

Fyrir hönd Vesturbyggðar,  
  
Rebekka Hilmarsdóttir  
Bæjarstjóri  
